

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA **28 maí 2015**

Ársskýrsla stjórnar, starfsárið 2014 - 2015

Ágætu félagar!

Á starfsárinu 2014 til 2015 hefur verið lögð áhersla á upplýsinga og fræðslustarf, en einnig hefur stjórnin viðhaldið vefsíðu fyrir SÍP. Aðilar að SÍP eru nú 16 talsins: Actavis, Alcan á Íslandi, BM Vallá, Efla hf. Elkem Ísland, Frumherji hf. Hlaðbær Colas Mannvit hf. Malbikunarstöðin Höfði, Matís ohf. Neytendastofa, Norðurál hf. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Steypustöðin og Össur hf.

Starfsemin á árinu.

Eitt af markmiðum Sambands íslenskra prófunarstofa er að halda kynningar og fræðslufundi fyrir félagsmenn. Árlegur fræðslufundur félagsins var að þessu sinni haldinn í Actavis í desembermánuði og var hann afar vel sóttur. Mætt voru um 40 manns og voru móttökur afskaplega góðar. Kynning var á starfsemi fyrirtækisins, bæði almenn og sértæk er varðar gæðamál. Að lokum voru rannsóknarstofur fyrirtækisins skoðaðar.

Aðalfundir Euracem og Eurolab voru ekki sóttir á starfsárinu, en áætlað er að sækja haustfund Eurolab 2015 (TC QA fundur - Technical Committee for Quality Assurance in Testing and Calibration).

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Slóð á síðu félagsins er <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins

Stjórn og stjórnarfundir

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar auk þess að viðhalda netsíðu félagsins. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalsteinn Arnbjörnsson Nýsköpunarmiðstöð Íslands, - formaður

Hrólfur Sigurðsson Matís ohf, - ritari

Elísabet Sólbergsdóttir Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, - gjaldkeri

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit hf

Stefán Björnsson, Össur h.f.

Reykjavík 27.05.2015.

Aðalsteinn Arnbjörnsson